

- b. Við bætist nýr töluliður er verður 5. tölul. sem orðast svo: Af hópferðabifreiðum sem skráðar eru fyrir 10-17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa, skal vörugjald lækka í 20%.
- c. Við bætist nýr töluliður er verður 6. tölul., sem orðast svo: Af fólksbifreiðum sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum er hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu skal vörugjald lækka í 30%.

6. gr.

2. tölul. 24. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Tekjur kaupanda af leiguakstri hafi a.m.k. tvö af síðustu þremur árum fyrir kaup nýrrar bifreiðar verið a.m.k. 70% af heildartekjum hans og skattskyldar árstekjur af leiguakstri eigi lægri en 1.080.000 krónur þessi tvö ár. Fjárhæð þessi breytist árlega í samræmi við skattvísitölu eins og hún er ákveðin í fjárlögum ár hvert.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. tölul. orðast svo: Innan fimm ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf skv. 2. tölul. 22. gr. og 1.-3. og 5. tölul. 23. gr.
- b. Við bætist nýr tölul. er verður 3. tölul. sem orðast svo: Innan tveggja ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf skv. 6. tölul. 23. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 29 13. apríl 1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sbr lög um breyting á þeim lögum nr. 41 7. mars 1995, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1995.

Friðrik Sophusson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu vörugjalds af hópferðabifreiðum.

1. gr.

Hópferða- og sérleyfishafar og fjármögnunarleigur sem keypt hafa hópferðabifreiðar á tímabilinu 1. júlí 1993 til 1. mars 1995 skulu fá endurgreitt vörugjald af þessum bifreiðum, svo sem hér segir:

1. Af hópferðabifreiðum fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni skulu tveir þriðju hlutar greidds vörugjalds endurgreiddir.
2. Af hópferðabifreiðum fyrir 10-17 manns að meðtöldum ökumanni skal einn þriðji hluti greidds vörugjalds endurgreiddur.

2. gr.

Við útreikning á endurgreiðslu skv. 1. mgr. skal greitt vörugjald framreiknað miðað við lánskjaravísitölu og afskrifað um 1,25% á mánuði. Fyrningartíminn hefst við byrjun þess árs sem bifreiðin var skráð og óheimilt er að fyrna bifreiðina á því ári sem nýtingu hennar lýkur vegna sölu hennar eða annarra ástæðna.

3. gr.

Tollstjórar annast endurgreiðslu vörugjalds samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 29 13. apríl 1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sbr lög um breyting á þeim lögum nr. 41 7. mars 1995, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1995.

Friðrik Sophusson.

Jón Guðmundsson.